

# SMIÐJA 4

## 7. - 8. BEKKUR

Slóð inná valblaðið

<https://forms.gle/J898khHQH2W2zQH99>

### Myndlist – Blóm og hauskúpur

**Kennari: Vilma og Silla**

Unnar verða stórar flottar blóma eða hauskúpumyndir með þurr- og olíupastellitum í anda bandarísku listakonunnar Georgiu O'Keeffe. Lögð verður áhersla á litablöndun, ljós og skugga.



**Námsmarkmið: Að nemendur**

- geti unnið myndverk með olíupastel/þurripastel og þekki eiginleika þeirra
- geti teiknað á sjálfstæðan hátt eftir fyrirmynd t.d. uppstillingu eða ljósmynd
- geti unnið með ljós og skugga í mynd



**Námsmat:** Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér.

### Útsaumur

**Kennari: Ingibjörg**

**Verkefni:** Nota útsaum til skrauts á nytjahlut. Nemandinn velur sér útsaumsaðferð sem hann vill nota, finnur mynstur eða hannar sjálfur. Skreytir síðan nytjahlut með útsaumnum s.s. púða, svuntu, mynd eða eitthvað annað.

**Hæfniviðmið: Að nemendur**

- geti saumað einföld útsaumsspor
- geti tjáð eigin hugmynd með einfaldri skissu



**Námsmat:** Símat. Gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok smiðjunnar er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.

### Heimilisfræði

**Kennari: Linda**

**Staður: Heimilisfræðistofa**

**Verkefni:** Í smiðjunni munum við æfa okkur í brauðbakstri, að elda einfalda rétti, leggja snyrtilega á borð og ganga frá, ásamt því að baka sætabrauð.

Fræðumst um næringargildi matvæla, skoðum hvar við getum fundið þær upplýsingar og hvernig maður notar þær. Tökum einn tíma í að leita að uppskrift á netinu sem við prófum síðan.

**Hæfniviðmið: Að nemendur**

- geti matreitt einfalda rétti eftir uppskrift
- geti unnið sjálfstætt eftir uppskrift

- geti vaskað upp og gengið frá á réttan hátt
- hafi fengið fræðslu um umbúðamerkingar, útlit og gæði matvæla ásamt hvernig skal geyma matvæli

**Námsmat:** Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

## Hönnun og smíði – Skurðarbretti

**Kennari: Ingólfur**

Í þessari smíðju smíðum við skurðarbretti fyrir eldhúsið úr húspurri furu. Við vinnum eftir verkáætlun, gerum vinnuteikningu, veljum efni, limum, sögum og verkum yfirborð svo úr verður fallegur smíðagripur sem nýtist fyrir heimilið.

**Hæfniviðmið: Að nemendur**

- geti valið og notað viðeigandi verkfæri
- geti valið samsetningu og yfirborðsmeðferð við hæfi
- geti framkvæmt flóknari samsetningar



**Námsmat:** Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

## Rokk, popp og fleira

**Kennari: Pétur**

**Staður: Tónmenntastofa**

Undirstöðuatriði í rokkhljómsveitarpilamennsku kennd (rafgítar, kassagítar, rafbassi, trommur, hljómborð, slagverk, söngur) og samspil æft gegnum þekkt lög m.a. eftir:

- Bítlana (t.d. Let it Be; Twist and Shout)
- Rolling Stones (t.d. Satisfaction; Honky Tonk Woman)
- David Bowie (t.d. Let's Dance; Space Oddity)
- Stuðmenn (t.d. Manstu' ekki eftir mér; Ofboðslega frægur)
- Bubba Morthens (t.d. Stál og hnífur; Fjöllin hafa vakað)
- Pál Óskar (Þú komst við hjartað í mér; Það geta' ekki allir verið gordsjöss).

Einnig kennd undirstöðuatriði í lagasmíðum og textagerð.

## Bland í poka – spil, prjón og útivera

**Kennari: Jóhanna**

**Staður: enskustofu**

**Markmið og verkefni:** Smíðjan er bland í poka af spilum, prjóni og göngutúrum. Þeir sem eru að prjóna eitthvað heima hjá sér geta komið með í tímana og prjónað og þeir sem vilja æfa sig betur í prjóni velja sér verkefni og prjóna það í tímum. Við munum líka spila borðspil sem eru til í skólanum eða önnur spil. Planið er að nemendur hafi gaman, nýti gott veður og fari út eða séu í inniveru í spilum og prjóni.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur hafi hæfni til að átta sig á sjálfum sér og öðrum og vinna með sjálfsmýndina.

**Námsmat:** byggist á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni nemenda varðandi sjálfstæði og samvinnu og því að nemandi geti haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með leik og starfi.

Gefið verður fyrir eftirfarandi þætti;

- þátttöku í smiðjunni
- kurteisi
- jákvæðni
- samvinnu

## Íþróttir

**Kennari:** Villi

**Staður:** Íþróttasalur

**Markmið og verkefni:** Að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi

Markmið smiðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

**Námsmat:** Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.